



Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi: afleiðingar og fyrirbyggjandi þættir Rannsókn meðal framhaldsskólanema á Íslandi

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, PhD, lektor í sálfræði við HR

Viðskiptadeild | Sálfræðisvið

Skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum

Á Íslandi er hugtakið kynferðislegt ofbeldi gegn barni gjarnan notað sem samheiti yfir þær margvíslegu kynferðislegu athafnir sem geta brotið á rétti barna s.s. **nauðgun, kynferðismök við barn án þess að líkamlegu valdi sé beitt, sífjaspell, kynferðisleg áreitni, barnaklám og vændi** (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2007; Umboðsmaður barna, 2010).

Í rannsókninni sem hér er fjallað um er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum skilgreint sem athöfn sem felur í sér að einstaklingur **undir 18 ára aldri** hefur verið talinn á, þvingaður eða neyddur til kynferðislegra athafna **gegn vilja sínum**, þ.e. mátt þola eitthvað af eftirtöldu: **1)** einhver hafi berað sig fyrir framan hann á ósæmilegan hátt **2)** káfað á líkama hans eða **3)** kynfærum á ósæmilegan hátt, **4)** að hann hafi verið talinn á, þvingaður eða neyddur til að snerta kynfæri einhvers eða verið **5)** talinn á, þvingaður eða neyddur til kynferðismaka.

3. gr. Barnaverndarlaga

”Með börnum er í lögum þessum er átt við einstaklinga yngri en 18 ára”

Hvenær var kynferðislegt ofbeldi gegn börnum viðurkennt sem samfélagsmein?

Seint á 20. öld skilgreint sem **félagslegt vandamál** með mögulegar **neikvæðar afleiðingar** (Demauxe, 1974/2006; Smart, 2000)

1920 - Grunsemdir í Bretlandi um kynferðisofbeldi gegn börnum vegna **kynsjúkdóma** barna á vistheimilum og stofnunum (Smart, 2000)

Ýmsar aðrar skýringar fundnar á kynsjúkdómum barna, s.s. sýkingar frá klósettsetum, baðhandklæðum, baðgólfum og fl. (Smart, 1999; Smart, 2000)

Þá voru uppi hugmyndir um það t.d. í Bandaríkjunum að karlmenn hefðu kynmök við börn í þeirri trú að þeir myndu lækna af kynsjúkdómum sínum (sér í lagi í þeim tilvikum sem augljóst var að börnum hafði verið nauðgað) (Smart, 2000)



Rannsókn á Íslandi meðal 16 -19 ára nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi

- ✓ Könnun meðal 16-19 ára nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi 2004
- ✓ Þátttakendur: 9.085 nemendur - 4.433 drengir (49%) og 4.652 stúlkur (51%)
- ✓ Um 67% allra skráðra nemenda á þessum aldri í framhaldsskólum á Íslandi og um 80% nemenda sem áttu að vera í skólanum á fyrirlagningardag
- ✓ Framkvæmd: Rannsóknir og greining í samstarfi við Barnaverndarstofu
- ✓ Þversniðsrannsókn
- ✓ Nánari lýsing á rannsókn og mælingum (Asgeirsdóttir, 2011; Asgeirsdóttir, Sigfusdóttir, Gudjonsson og Sigurdsson, 2010; Asgeirsdóttir, Gudjonsson, Sigurdsson og Sigfusdóttir, 2011)

Markmið: Að rannsaka kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi, afleiðingar þess og fyrirbyggjandi þætti



Hve algengt er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi?

Tafla 1. Hlutfall 16–19 ára framhaldsskólanema sem segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

	Heild Hlutfall (fjöldi)
Einhver beraði líkama sinn	
12 ára og yngri	0,7% (60)
13–17 ára	1,5% (122)
Káf á líkama gegn vilja	
12 ára og yngri	0,8% (68)
13–17 ára	7,5% (604)
Káf á kynfærum gegn vilja	
12 ára og yngri	2,5% (202)
13–17 ára	8,7% (707)
Kynferðismök gegn vilja	
12 ára og yngri	1,5% (123)
13–17 ára	4,1% (329)
Heild	27,3% (2215)

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, lektor í sálfræði við HR



Hve algengt er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi?

Tafla 2. Hlutfall 16–19 ára stúlkna og drengja í framhaldsskólum sem segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

	Stúlkur Hlutfall (fjöldi)	Drengir Hlutfall (fjöldi)	Kynjamunur χ^2 (f=1)
Einhver beraði líkama sinn			
12 ára og yngri	1,0% (45)	0,4% (15)	*
13–17 ára	1,7% (75)	1,2% (47)	
Káf á líkama gegn vilja			
12 ára og yngri	1,4% (59)	0,2% (9)	**
13–17 ára	11,6% (502)	2,7% (102)	**
Káf á kynfærum gegn vilja			
12 ára og yngri	3,7% (158)	1,2% (44)	**
13–17 ára	8,4% (360)	9,1% (347)	
Kynferðismök gegn vilja			
12 ára og yngri	1,9% (82)	1,1% (41)	*
13–17 ára	6,0% (258)	1,9% (71)	**
Heild	35,7% (1539)	17,8% (676)	**

χ^2 = Kí-kvaðrat; f=frelsisgráður; *p<0,01; **p<0,001



Hver er bakgrunnur ungmenna sem hafa verið þolendur kynferðislegs ofbeldis á Íslandi?

Tafla 3. Forspárþættir kynferðislegs ofbeldis, eftir kyni.

	Stúlkur EXP (B)	Drengir EXP (B)
Aldur	.93*	.91*
Sambýlisstaða foreldra	.81**	1.00
Menntun foreldra	.97*	.96*
Fjölskylduerjur/ofbeldi	1.47***	1.36***

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$.



Kynferðislegt ofbeldi sem streituvaldandi atburður/röð atburða (stressor)

Atburður eða aðstæður sem leiðir til líkamlegrar eða tilfinningalegrar streitu

(American Psychological Association, 2006)



Streituvaldandi atburðir (Compas, 1995)



Hversdagslegir



Snarpir



Viðvarandi


Möguleg vandamál í kjölfar áfalla og streituvaldandi atburða

- Þunglyndi
- Kvíði
- Reiði
- Ofsahræðsla
- Áfallastreitu-
röskun (PTDS)
- Sjálfskaðandi
hegðun
- Sjálfsvígshegðun
- Neysla áfengis
- Neysla vímuefna
- Afbrot
- Ofbeldi
- Svefnleysi
- Magaverkur
- Höfuðverkur
- Bakverkur

Heimildir: Sjá t.d. Chen og fleiri, 2010; Irish, Kobayashi og Delahanty, 2010; Jumper, 1995; Kendal-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993; Maniglio, 2009; Maniglio, 2010; Paolucci, Genuis og Violato, 2001.




Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis – vanlíðan stúlkna




Mynd 1. Meðaltöl fyrir einkenni þunglyndis, kvíða og reiði stúlkna, eftir því hvort þær segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða ekki og eftir alvarleika þess.

Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis – vanlíðan drengja




Mynd 2. Meðaltöl fyrir einkenni þunglyndis, kvíða og reiði drengja, eftir því hvort þeir segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða ekki og eftir alvarleika þess.

Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis – hegðunarvandamál stúlkna




Mynd 3. Hlutfall stúlkna sem hafa sýnt tilgreinda hegðun, eftir því hvort þær segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða ekki og alvarleika þess.

Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis – hegðunarvandamál drengja



Mynd 4. Hlutfall drengja sem hafa sýnt tilgreinda hegðun, eftir því hvort þeir segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða ekki og eftir alvarleika þess.

Líðan og hegðunarvandamál – samspil



Þrautseigja


Í kjölfar streituvaldandi atburða getur einstaklingur brugðist við á ýmsan hátt.

Á meðan sumir sýna litlar breytingar á líðan eða hegðun til hins verra – **eru þrautseigir** – þá eru aðrir líklegri til að bregðast við á hátt sem getur haft **vanlíðan eða hegðunarvandamál** í för með sér.



Þrautseigja

- ✓ Einstaklingar eru taldir sýna þrautseigju ef þeir ná sér eftir eða geta aðlagast erfiðum aðstæðum.
- ✓ Byggir á **hversdagslegum** en **mikilvægum** persónulegum og félagslegum þáttum:



-> Áföll og afleiðingar þeirra tengjast einnig túlkun á aðstæðum!

Hverjir eru verndandi þættir í lífi ungmenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi?

- 1) Sjálfsmat** (s.s. finnst ég a.m.k. jafn mikils virði og aðrir, hafa marga góða eiginleika, margt sem ég get verið stoltur af, geta gert hlutina jafn vel og aðrir, ánægður með sjálfan mig)
- 2) Stuðningur foreldra** (s.s. umhyggja og hlýja, samræður um persónuleg málefni)
- 3) Viðhorf til skóla** (s.s. samskipti í skóla, viðhorf til náms og námsárangurs, viðhorf til kennara, líðan í skóla)
- 4) Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi**



Verndandi þættir fyrir afleiðingar kynferðislegs ofbeldis

- ✓ **Stuðningur foreldra, jákvætt viðhorf til skóla og þátttaka í íþróttastarfi** minnkar líkur á vanlíðan og hegðunarvandamálum ungmenna
- ✓ **Sjálfsmat**, er sterkari forspárþáttur fyrir þunglyndi og reiði meðal þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en þeirra sem ekki hafa orðið fyrir slíku ofbeldi
- ✓ **Óbein áhrif félagslegra þátta í gegnum aukið sjálfsmat -- >**
Félagslegir þættir byggja upp jákvæðara sjálfsmat sem um hæl minnkar líkur á þunglyndi og kvíða!



Ályktanir

Fagfólk þarf að vera á varðbergi gagnvart kynferðislegu ofbeldi, fjölbreyttum birtingarmyndum þess og afleiðingum.

Draga má úr neikvæðum afleiðingum kynferðislegs ofbeldis með því að efla félagslegan stuðning í umhverfi ungmenna og minnka streituvaldandi þætti (Maniglio, 2009).

Niðurstöðurnar sýna að mikilsvert er að hlúa að börnum og ungmennum með öflugum **félagslegu stuðningskerfi fjölskyldu, skóla og íþróttastarfs.**

Slíkt stuðningskerfi styrkir sjálfsmynd barna og ungmenna, eykur þrautseigju og verndar þau gegn afleiðingum kynferðislegs ofbeldis.



Ályktanir

Áhættuhópur: stúlkur á unglingsaldri, ungmenni sem búa ekki hjá báðum kynforeldrum sínum (sér í lagi stúlkur) og stúlkur og drengir sem búa við ágreining eða ofbeldi á heimili eða við lágt menntunarstig foreldra.

Brýnt að standa að öflugum **forvörnum og fræðslu** um kynferðislegt ofbeldi á Íslandi.

Mikil þörf er á því að **hvetja til frásagnar og tilkynninga** um kynferðislegt ofbeldi, svo hægt sé að grípa inn í og stöðva það eins fljótt og hægt er.

Í öllum stofnunum sem vinna með börnum og unglungum þarf að vera til skýr **aðgerðaráætlun** um það hvað gera skal þegar barn greinir frá ofbeldi eða grunur er um ofbeldi og hvaða **hlutverk starfsmenn** hafa í slíkri áætlun.



Heimildir

American Psychological Association (2006). *APA dictionary of Psychology*. Washington: Höfundur.

Asgeirsdottir, B. B. (2011). *Sexual abuse as a cause of stress in adolescents' lives: Processes and interconnections with emotional and behavioural problems*. Doktorsritgerð í sálfræði. King's College London, Institute of Psychiatry.

Asgeirdottir, B. B., Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F. og Sigfusdottir, I. D. (2010). Protective Processes for depressed mood and anger among sexually abuse adolescents: The importance of self-esteem. *Personality and Individual Differences*, 49, 402–407.

Asgeirsdottir, B. B., Sigfusdottir, I. D., Gudjonsson, G. H. og Sigurdsson, J. F. (2011). Associations between Sexual Abuse and Family Conflict/Violence, Self-Injurious Behaviour and Substance Use: The Mediating Role of Depressed Mood and Anger. *Child Abuse & Neglect*, 35, 210-219.

Chen, L. P., Murad, M. H., Paras, M. L., Colbenson, K. M., Sattler, A. L., Goranson, E. N. og fl., (2010). Sexual abuse and lifetime diagnosis of psychiatric disorders: Systematic review and meta-analysis. *Mayo Clinic Proceedings*, 85, 618-629.

Compas, B. E. (1995). Promoting successful coping during adolescence. Í M. Rutter (Ritstj.), *Psychosocial Disturbances in Young People: Challenges for prevention* (bls. 247–273). Cambridge: Cambridge University Press.

Demaue, L. (1974/2006). The Evolution of Childhood. Í L. DeMause (Ritstj.), *The history of Childhood* (bls. 1–73). New York: Rowman & Lifflefield Publishers, Inc.

Irish, L., Kobayashi, I. og Delahanty, D. L. (2010). Long-term physical health consequences of childhood sexual abuse: A meta-analytic review. *Journal of Pediatric Psychology*, 35, 450 -461.



Heimildir frh.

- Jumper, S. A. (1995). A meta-analysis of the relationship of child sexual abuse to adult psychological adjustment. *Child Abuse & Neglect*, 19, 715-728.
- Kendall-Tackett, K. A., Williams, L. M. og Finkelhor, D. (1993). Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies. *Psychological Bulletin*, 113(1), 164–180.
- Maniglio, R. (2009). The impact of child sexual abuse on health: A systematic review of reviews. *Clinical Psychology Review*, 29, 647–657.
- Maniglio, R. (2010). Child sexual abuse in the etiology of depression: A systematic review of reviews. *Depression and Anxiety*, 27, 631–642.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2007). *Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Paolucci, E. O., Genuis, M. L. og Violato, C. (2001). A meta-analysis of the published research on the effects of child sexual abuse. *The Journal of psychology*, 135, 17–36.
- Smart, C. (1999). A history of ambivalence and conflict in the discursive construction of the 'child victim' of sexual abuse. *Social & Legal Studies*, 8, 391-409.
- Smart, C. (2000). Reconsidering the recent history of child sexual abuse, 1910–1960. *Journal of Social Policy*, 29, 55-71.
- Umboðsmaður barna. (2010). *Kynferðisofbeldi*. Sótt 5. júlí 2010 af <http://www.barn.is/barn/adalsida/malaflokkar/ofbeldi/kynferdisofbeldi/>



Háskólinn í Reykjavík www.hr.is
Rannsóknir & greining www.rannsoknir.is



Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, lektor í sálfræði við HR

